

Ed.

709. Lög

um breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

3 fyrstu málsgreinar 17. gr. laga nr. 56, 15. júlí 1926, skal orða þannig:

Sjerhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti, sem til brekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvihjóla bifreiðir og þær þrihjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðir, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfélaga.

Bifreiðaeigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsg., ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra tryggingu, er gild verður tekin, er nemi 10000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 3500 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda.

2. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sje tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júlí 1926, um notkun bifreiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.